

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Sigríður Pálsdóttir
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
605 Akureyri

Reykjavík, 20. desember 2021
UST202112-066/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012 - 2024 – Moldhaugnaháls. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar dags. 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar felast í því að skilgreind er nánar starfsemi á og við efnistökusvæði á Moldhaugahálsi. Hér er m.a. gert ráð fyrir að sprengd verði hvelfing í bergið við efnistöku sem ætlunin er að nýta síðar sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er hér um djarfa og frumlega nýjung að ræða við efnistöku þar sem frágangur felst í mótun hvelfingar sem nýtt verður undir aðra starfsemi í framtíðinni.

Umhverfisstofnun telur að við skilgreiningu á geymslusvæði vestan við efnistökusvæðið verði þess gætt að svæðið verði sem lægst í landi þannig að vélar, tæki og annar útbúnaður verði eins lítið sýnilegur og kostur er.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllt,

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur